

N-lax ehf.
Laxamýri
641 Húsavík

22. desember 2025
UOS2501551/M.S.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 6. nóvember 2025 – ID 292

Þann 6. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í N-lax ehf., Laxamýri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varðar:

1. Skila bert tölum um köfnunarefni og fosfór sem kg/tonn framleidds fisks.
2. Huga þarf að lekavörnum í efnageymslu og við olúgeymi varaafstöðvar m.t.t. reglugerðar um varnir gegn olímengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.4. í starfsleyfi. Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukingu á ári og 60 kg/tonn köfnunarefni af lífmassaaukingu á ári. Losun fosfórs er yfir mörkum starfsleyfis fyrir rekstrarárið 2024.
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5) a.m.k. einu sinni á ári. Niðurstöðum hefur ekki verið skilað vegna rekstrarársins 2024.
3. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni annars við hámarksfóðrun (hámarksvöxt). Niðurstöðum sýnatöku úr frárennslis vegna losunar hefur ekki verið skilað vegna rekstrarársins 2024.
4. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Fullnægjandi ársyfirliti hefur ekki verið skilað

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

María Svavarsdóttir

Teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir

Teymi eftirlits